



Kennari: Helga Jóhannesdóttir

Skammstöfun: HJ

Áfangalýsing:

Nemendur hanna flíkur sem eru annars vegar fóðraðar og hins vegar framleiddar úr jersey. Farið verður í gegnum ferlið hugmyndavinna, tilraunir, sniðagerð út frá grunnsniðum og tilbúnum sniðum, saumtækni, framleiðslu og markaðssetningu. Kynning á sérstöðu fóðraðs vestis, pils, buxna og einfalds upphluts/topps. Nemendur velja eitt af þessu fernu og að framleiða flík á ½ saumagínu eða á eigin líkama. Tilraunir með snið og prufuflík. Ein heil flík fullunnin og kynnt í annarlok.

Markmið:

Að öðlast þekkingu og skilning á:

- Saumtækni, annars vegar tengd fóðruðum flíkum og hins vegar jersey (prjónað fataefni)
- Verklýsingum og notagildi þeirra
- Flötum teikningum og útlitsteikningum (tískuteikningum)

Að öðlast leikni í að:

- Vinna flóknari útfærslur á sniðum (að breyta sniðum eftir eigin hugmyndum)
- Sauma og fóðra eða brydda einfalda flík
- Þróa eigin vinnulýsingar og að fara eftir vinnulýsingum
- Að útbúa saumtækniprufur
- Að áætla efniskaup í flík, hvort sem er fóðraða eða úr jersey

Að geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna sjálfstætt með snið og sniðútfærslur
- Sauma einfalda fóðraða flík EÐA jerseyflík með brydduðum/földuðum köntum
- Að geta greint á milli ofins efnis og prjónaðs fataefnis (oft nefnt jersey)
- Nota og útbúa vinnulýsingar

Námsefni:

Innlegg frá kennara í formi ljósrita og netverkefna. Bækur og blöð tengd hönnun og handverki er í stofum Hönnunardeildar. Dæmi um verkefnamöppur, mismunandi útfærslur verkefna, safn gamalla gripa til skoðunar, innblásturs og nýtingar.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni (kennslubók)	Verkefni
1	Hugmyndavinna og gagnasöfnun - innlegg frá kennara, glósur og gagnasöfnun nemanda	Klippiverkefni Þema: "Jersey eða fóðrun?"
1	„ „ „	Möppuvinna og 4 x hönn.tillögur
2	Skissuvinna - innlegg frá kennara - eigin skissur	Teiknigína og flöt teikning
3	Snið og sniðabreytingar - innlegg frá kennara og ljósrit Máltaka - sýnikennsla og ljósrit	1/1 snið af eigin hönnun - smásnið Öll verkefni vel merkt í vinnumöppu
4	Saumtækni - sýnishorn til fyrirmyndar	Vasi í saum, miðjurennilás
5	Eigin hönnun - ákvörðunartaka með kennara	Vinnuskýrsla, uppkast
6	Fataefni keypt og/eða útveguð eftir þörfum	Sniðlögn, efnisþörf og vinnuskýrsla fyrir eigin flík
7	Textílfraði, litafræði og hönnunarverkefni	Fóðrun og jersey í tengslum við innlegg frá kennara
8	Eigin flík mótuð, mátuð, saumuð og frágengin	Varpsaumsvél - prufur
9	Vinna í hönnunarverkefnum	Textílfraði og litafræði
10	Myndræn vinnulýsing hreinrituð - samvinna v.kennara	Vinnulýsing hreinrituð
11	Vettvangsferð - möguleikar kynntir og ræddir	Verkefni á 2xA4 blöðum
12	Sýning og/eða kynning á verkefnum áfangans í annarlok	Vinnuframlag nemandans komi fram í vinnumöppu
13 til 16	Flík tvö hönnuð og snið undirbúin	Tískuteikning, flöt teikning og stutt vinnulýsing

Sérreglur áfangans:

- **Efnisgjald kr. 7.000 greiðist á skrifstofu í upphafi annar.**
- Innifalið í efnisgjaldi er: Vinnumappa til endurvinnslu, pappír í möppugerð og millispjöld, efni í saumaprufur, plastvasar eftir þörfum, sniðapappír, tvinni í algengustu litunum, vasafóður, rennilásar í prufur, flíselín og fleira. Afnot af textíllager deildarinnar.
- Ný og/eða nýleg sniðablöð, ásamt öllum þeim áhöldum og tækjum sem nota þarf í áfanganum.
- Nemendur þurfa að útvega sér efni í þær flíkur sem saumaðar eru.
- Athugið varðandi símat: Jafnvel þótt nemandi sé komin með einkunnina 5 í símati, er nauðsynlegt að skila að lágmarki einni tilbúinni flík og vinnumöppu til þess að ljúka þessum áfanga.
- Viðtalstími Helgu kennara er í stofu 304 á mánudögum kl 11.25 í samráði við nemendur.

Námsmat:

Símat og sjálfsmat: Mæting og virkni í tímum er skráð í sameiginlega dagbók hópsins. Verkefnaskil eru skráð og yfirfarin af kennara. Nemendur og kennari bera saman og meta verkefni hópsins. Mat á umfangi verkefna í vinnumöppu eru skoðuð í sameiningu. Í annarlok verða skoðuð nánar atriði eins og frágangur og vinnubrögð við saum á eigin flík.

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.